

Fundargerð 16. fundar í flugvirkarráði

Fundur var haldinn í flugvirkarráði fimmtudaginn 19. september 2017 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Viðstaddir: Friðfinnur Skaftason (FS), Halla Sigrún Sigurðardóttir (HSS), Ólafur Helgi Kjartansson (ÓHK), Hildur Reykdal (HR), Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir (SJG), Björn Óli Hauksson (BÓH), Þórólfur Guðnason (ÞG), Þorvaldur H. Þórðarson (ÞÞ), Valur Kristinsson (varamaður KB) og Ómar Sveinsson (ÓS) sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir og Karen Bragadóttir.

Gestir: Gunnar Örn Indriðason lögfræðingur í ráðuneytinu, Sigurgeir Ómar Sigmundsson frá Lögreglunni á Suðurnesjum.

Gögn:

1. Dagskrártillaga.
2. Fundargerð 15. fundar flugvirkarráðs (tp ÓS 2.6.2017).

Tenglar:

1. <https://www.samgongustofa.is/flug/fartheGAR/flugvirk/>
2. <https://www.ecac-ceac.org/web/guest>
3. <https://www.icao.int/Pages/default.aspx>

Dagskrá

1. Dagskrá.
2. Fundargerð síðasta fundar.
3. Flugvirkaráætlun 2018.
4. Staða verkefna og fréttir af ECAC (HSS).
5. Vegabréfamál (SJG).
6. Löggæslumál - öryggi almennings/óskilamunir (ÓHK).
7. Keflavíkurflugvöllur.
 - a. Aðstaða fyrir sjúklinga/sjúkrarými í Leifsstöð.
 - b. Vöxtur umferðar og afkastageta.
 - i. Umferðarspá.
 - ii. Nýir áfangastaðir.
 - iii. Preclearance.
 - iv. Skipulagsmál.
8. Aðrir flugvellir.

9. Loftferðasamningar.

10. Önnur mál.

11. Næsti fundur.

1. FS setur fundinn og býður gesti velkomna.

2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

3. – 4. Samgöngustofa, HSS kynnti drög að nýrri flugvirkjaráætlun fyrir 2018 ásamt því að fara yfir stöðu helstu verkefna hjá ECAC, sjá kynningar í viðhengi og erindi frá Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) og ECAC.

5. Vegabréfamál, SJG Þjóðskrá var með útboð vegna breytingu á vegabréfum þar sem PKI sem leysa fingraför af í vegabréfum, verður tekið upp. Nýtt samskiptamódel verður tekið upp sem leysir tvö eldri kerfi af hólmi. Samið hefur verið við aðila frá Hollandi sem taka mun út kerfið. Verið er að fjölga stöðum þar sem hægt verður að sækja um og gefa út vegabréf, bæði innanlands og utan og verða þeir á endanum 52 um allan heim.

6. Lögreglumál, ÓHK fór lýsti yfir áhyggjum sínum um öryggi almennings í flugstöðinni m.a. miðað við nýlegan atburð þar sem bíl var keyrt inn í flugstöðina og hefði getað skaðað fólk. Fram kom að Isavia er að vinna í að hindra að þetta endurtaki sig. Bandarísk yfirvöld muni koma á næstunni og taka út aðstæður í Keflavík vegna „visawaiver“ prógramms.

ÓHK upplýsti einnig að Lögreglan á Suðurnesjum hafi tilkynnt flugrekendum að frá og með áramótum þá muni lögreglan ekki taka við óskilamunum frá þeim.

7. Keflavíkurflugvöllur: BÓH fór yfir flugvallamál, hann hvað fullbúið sjúkrarými í kjallara flugstöðvarinnar vera í notkun og í athugun væri að koma upp aðstöðu á 2.h. Samstarf væri við Heilsugæslu Suðurnesja vegna bráðabjónustu. Varðandi neyðarmál þá væri þau mál í ferli og litið væri til flugskýla Icelandair og Gæslunnar á þeim vattvangi.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun farþega á næsta ári. Fyrirhuguð fjölgun áfangastaða til og frá Keflavík er í þeim löndum sem nú þegar er flogið til fyrir utan Ísrael, vitað er um 5 nýja áfangastaði.

Fulltrúar Isavia fóru til Bandaríkjanna til að kynna sér „pre-clearance“ eða forskönnun farþega og er talið ljóst að ekki sé raunhæft að vera með 100% forskönnun en mögulega væri hægt að taka 2 til 3 flug á klst. Einnig er verið að skoða forskönnun fyrir vöruflutningaflug en þannig kæmist vara beint á markað.

Búið er að samþykkja aðalskipulag fyrir Keflavíkurflugvöll og deiliskipulag er í vinnslu.

Mikið hefur borið á því að farþegar hafi notað flugstöðina sem hótél og er ætlunin að taka það mál til athugunar.

Aðrir flugvellir, fjármagn hefur vantað til framkvæmda á öðrum íslenskum flugvöllum þó meira hafi komið en búist var við.

Loftferðasamningar, GÖI kveður enga nýja loftferðasamninga í farvatninu en viðræður hafi verið í gangi við Rússa um yfirflugsheimildir og Bretland um stöðuna eftir Brexit.

Viðbragðsáætlanir, umræður voru um viðbragðsáætlanir og hlutverk í þeim. Sérstaklega var rætt um tengingu heilbrigðisgeirans í aðgerðarstjórnnum sem og áætlanir og aðstoð við aðstandendur þegar slys eiga sér stað.

Loftslagsmál, FS ræddi um skuldbindingar á þeim vettvangi vegi orðið meira og meira og þá sérstaklega CO₂ losun, líta þurfi til lífoldsneytis sem og notkunar á rafmagni á flugvöllum.

Næsti fundur var ákveðin 16. janúar 2018.